



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

FLÓRGODINN

Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Pistill skólastjóra
- Samræmd próf nemenda í 10. bekk
- Laugarvatnsferð
- Laugar í Sælingsdal
- Kennaraskipti
- Óvissuferð hjá nemendum í 10.

MUNA

1. maí

Dagur verkalyðsins—frí í skóla

3. maí

Samræmt próf 10. b—Íslenska

4. maí

Samræmt próf 10. b—Enska

5. maí

Samræmt próf 10. b—Danska

8. maí

Samræmt próf 10. b—
Samfélagsfr.

9. maí

Samræmt próf 10. b—
Náttúrufræði

10. maí

Samræmt próf 10. b—Stærðfræði

Á sama tíma að ári - í hvaða skóla fer ég?

Kæru nemendur/foreldrar/forráðamenn

Hraunvallaskóli lýkur senn sínu fyrsta starfsári hér á Völlum fyrir neðan okkur.

Þar hafa nemendur í 1.-4. bekk stundað nám á þessu skólaári og á því næsta munu nemendur í 1.-7. bekk stunda þar nám. Næstu árin þar á eftir verður bætt við einum árgangi á ári hverju.

Nokkurs misskilnings hefur gætt hjá forráðamönnum nemenda sem búa á Völlum að þeir geti einhliða ákveðið að þeir nemendur sem nú sitja í 4.-6. bekk Áslandsskóla haldi áfram hér í skólanum en fari ekki í Hraunvallaskóla.

Þegar nýr skóli hefur göngu sína þá er miðað út frá hugsanlegum íbúafjölda í viðkomandi skólahverfi. Það myndi því gefa ákaflega skakka mynd og valda nýjum skóla nokkrum erfiðleikum ef fyrirhugaður nemendahópur yrði miklu minni en ráð er gert fyrir.

Auðvitað hafa nemendur komið sér að einhverju leyti vel fyrir hér í Áslandsskóla og ákveðið rask að færa sig um set og hefja nám að nýju á öðrum vettvangi.

Ég held ég geti fullyrt að í hinum nýja skóla á Völlum verður framsækið og metnaðarfullt skólastarf. Þar starfa öflugir stjórnendur sem leiða það starf. Þá hefur undirritaður verið í góðu sambandi við skólastjóra Hraunvallaskóla um hugsanlegt samstarf skólanna í hverfinu.

Nemendur með lögheimili í Vallahverfi sem stunda eiga nám í 1.-7. bekk á næsta skólaári skulu því sækja nám í Hraunvallaskóla á komandi hausti.

Leifur S. Garðarsson
Skólastjóri Áslandsskóla

Í ÁSLANDSSKÓLA AÐSTOÐUM VIÐ HVERT ANNAN

Samræmd próf

3. maí

Samræmt próf 10. bekkur — Íslenska

4. maí

Samræmt próf 10. bekkur — Enska

5. maí

Samræmt próf 10. bekkur — Danska

8. maí

Samræmt próf 10. bekkur — Samfélagsfræði

9. maí


Samræmt próf 10. bekkur — Náttúrufræði

Kosið í skóla

Kosið verður til sveitarstjórna í Áslandsskóla laugardaginn 27. maí næstkomandi.

Þetta þýðir að fyrirhuguð vorhátíð Áslandsskóla færist til.

Ekki hefur henni verið fundin staður enn sem komið er en upplýsingar um slíkt sendar verða út um leið og það gerist.



Kennari hættir

Erla Björk Gunnarsdóttir hefur látið af störfum sem kennari við skólann.

Kennslu hennar hefur verið ráðstafað með öðrum hætti. Þetta snertir nám barna í Ægisheimum, Ásheimum, Jöklaheimum, Goðaheimum, Dulheimum og Hnjúkaheimum.

Nemendur og forráðamenn í þessum heimum hafa fengið nánnari upplýsingar bréfleiðis.

9. bekkur að Laugum

Nemendur í 9. bekk dvelja að Laugum í Sælingsdal í þessari viku í ungmenna- og tómstundabúðum.

Markmið búðanna er m.a. að:

- Efla sjálfstraust, samvinnu og tillitsemi
- Hvetja til sjálfstæðra vinnubragða
- Kynnst heimavistarlífi
- Fræðast um söguslóðir
- Fræðast um mikilvægi forvarna
- Kynna ábyrgð fjármála
- Fræðast um mikilvægi hollra lífnaðarháttanna
- Kynnst jaðariþróttum

Þegar af fréttist hafði allt gengið einstaklega vel fyrir sig.

7. bekkur á Laugarvatn

Nemendur í 7. bekk dvöldu á Laugarvatni vikuna fyrir páska. Tómsundaval nemenda í Kennaraháskóla Íslands undirbjó magnaða dagskrá fyrir nemendur sem skemmtu sér kongunglega.

Öll hin glæsilega aðstaða sem fyrir er á Laugarvatni var nýtt til hins ítrasta, s.s. Íþróttahús og sundlaug, sem og allt umhverfi íþróttamiðstöðvarinnar.

Góður rómur var gerður af þessari

Óvissuferð í 10. bekk

Nemendur í 10. bekk halda út í óvissuna strax sama dag og síðasta samræmda prófið er hér í skólanum.

Nemendur leggja af stað eftir hádegið miðvikudaginn 10 maí og koma aftur í bæinn föstudaginn 12. maí.

Óhætt er að fullyrða að enginn verður svikinn af þessari ferð en skemmst er að minnst velheppnaðrar ferðar útskriftarnemenda í fyrra.

Í ÁSLANDSSKÓLA LEIKUM VIÐ SAMAN



Kríuási 1
221 Hafnarfirði
Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is
aslandsskoli@aslandsskoli.is

www.aslandsskoli.is

FLÓRGÓÐINN

Fréttablað
Áslandsskóla

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

Leifur S. Garðarsson
skólastjóri